



HRUNAMANNAHREPPUR

3. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2026 – 2030

11. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 1. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 15:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnar L. Jónsson, Daði Geir Samúelsson og Rakel Ósk Kristófersdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 1. fundar frá 25. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 1. fundar Afréttarmálanefndar.

Varðandi lið 1, afréttarvegur; málið verður rætt síðar á fundinum.

Varðandi lið 3, landgræðslugirðing, þá munu oddviti og sveitarstjóri ræða nánar við Land og skóg varðandi nánara fyrirkomulag og samningagerð sem síðar verður lagt fyrir sveitarstjórn.

Varðandi lið 6, nýtt safngerði á Meraskeiði þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að sveitarfélagið greiði efniskostnað sem er óverulegur en á móti þá muni fjáreigendur leggja fram vinnuframlag við uppsetningu á gerðinu.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 23. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 1. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 1. fundar frá 29. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 1. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur nefndarinnar um að innkeyrslustútur við Iðjúlóð 2 verði breikkaður. Kostnaður vegna þessa mun nema um 1 m.kr. og rúmast hann innan þegar samþykktar fjárfestingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um að stóra tjaldið sem keypt var vegna sundlaugaframkvæmda verði selt og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um að framkvæmdum við anddyri félagsheimilisins verði frestað til ársins 2027.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðist verði í lagfæringar á veginum inn Hrunamannaafrétt og að til verksins verði settar 10 m.kr. Ráðist verði í verkið nú þegar enda vegurinn ófær flestum bílum í núverandi ástandi. Framkvæmdin verði fjármögnuð með hluta af þeim fjármunum sem fengust fyrir söluna á Laugarási. Viðauki verður lagður fram vegna þessa í ágúst.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

DGS
RLT
RK

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. Fundargerð 328. fundar skipulagsnefndar frá 24. júní 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. júní sl. og 18. júní sl.

Lögð fram fundargerð 328. fundar skipulagsnefndar frá 24. júní 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. júní sl. og 18. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 16. Silfurtún: Íbúðarbyggð og breytt skilgreining lands; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar eftir kynningu skipulagslýsingar, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Í breytingunni felst að hluti lands Silfurtúns L166897 á Flúðum, sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, verði breytt í íbúðarbyggð. Samhliða verður unnin breyting á deiliskipulagi miðsvæðis og garðyrkjulóða á Flúðum vegna uppbyggingar nýs íbúðarhverfis. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja aðalskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. júní sl.

Mál nr. 21. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júní sl.

5. UTU bs.: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 24. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 18. júní 2026.

-Ásamt tillögum að starfsreglum SVÁ og breytingum á stofnsamningi sem samþykkja þarf sérstaklega.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt tillögum að starfsreglum SVÁ og breytingum á stofnsamningi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær breytingar sem hér eru lagðar til og vísar þeim jafnframt til síðari umræðu sveitarstjórnar.

Fundargerð aukaaðalfundar ásamt tillögum að starfsreglum SVÁ lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. Bergrisinn bs.: Fundargerð 94. stjórnarfundar frá 15. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 94. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Bergrisinn bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 15. júní 2026.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DAS
RLT
RLK

Erindi til sveitarstjórnar:

9. Bréf frá Atvinnuvegaráðuneytinu frá 24. júní 2026.

Lagt fram bréf frá Atvinnuvegaráðuneytinu til áminningar um regluverk um búfjárbætur og ágang búfjár.

Um leið og erindið er lagt fram til kynningar felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um uppsetningu á skiltum um lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu. Einnig er rétt að taka samtal við Vegagerðina um undirgöng fyrir búfénað en með mikilli aukningu á umferð í gegnum Hrunamannahrepp hefur hættu á slysum á ákveðnum stöðum aukist mikið.

10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. júní 2026.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um þær afleiðingar sem nýsett reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna barna með fjölpættan vanda mun hafa.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölpættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu á hópnum sem skilur þannig eftir ábyrgð og kostnað hjá sveitarfélögum sem á grundvelli samkomulagsins á heima hjá ríkinu.

Sveitarstjórn telur breytinguna með öllu óásættanlega, án fullnægjandi faglegra raka og fela í sér alvarlegan trúnaðarþrest af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á ráðuneytið að afturkalla reglugerðina og taka þá ábyrgð og skuldbindingu sem samið var um.

11. Bréf frá Landsambandi eldri borgara frá 23. júní 2026.

Lagt fram bréf frá Landssambandi eldri borgara varðandi mikilvægi virks samráðs við eldra fólk og skipun öldungaráðs.

Lagt fram til kynningar en skipan í Öldungaráð og Samráðshóp um málefni eldri borgara í Hrunamannahreppi hefur þegar átt sér stað..

12. Erindi frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls frá 24. júní 2026.

Lagt fram erindi frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls þar sem óskað er eftir samstarfi vegna framkvæmda á lóð Reiðhallarinnar á Flúðum til undirbúnings árlegu Gæðingamóti félagsins sem fram fer á mótssvæði félagsins í Torfdal á Flúðum 23. – 26. júlí n.k.

Sveitarstjórn fagnar öflugum starfi hestamannafélagsins sem er mikilvægur hlekkur í félagsstarfi íbúa í Uppsveitunum Árnassýslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita félaginu styrk kr. 750.000,- til framkvæmda á lóð Reiðhallarinnar. Gert er ráð fyrir að fjármunirnir nýtist til stækkunar bílaplans, fellingar trjágróðurs og jarðvegsskiptum á hluta svæðisins.

13. Erindi frá Félagi sumarhúsaeigenda í Svanabyggð frá 19. júní 2026.

Lagt fram erindi frá Félagi sumarhúsaeigenda í Svanabyggð vegna hraðaaksturs við gatnamót Hvítárholtssvegar og Svanabyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við fulltrúa Vegagerðarinnar um mögulegar leiðir til að minnka hraðaakstur á Hvítárholtssvegi.

DGS
RA
BV
RLF

14. Boð á aukaaðalfund Sorpstöðvar Suðurlands.

Lagt fram boð á aukaaðalfund Sorpstöðvar Suðurlands(SOS) sem fram fer þann 3. júlí n.k.

Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa á fundinn, einn sem aðalfulltrúa og einn til vara.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, verði fulltrúi Hrunamannahrepps á aðal- og aukafundum SOS á kjörtímabilinu 2026-2030. Varamaður hennar verði Jón Bjarnason.

15. Kosning fulltrúa á aðal- og aukafundi byggðasamlaga Héraðsnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi tillögu að fulltrúum á fundi byggðasamlaga um verkefni og rekstur er áður heyrðu undir Héraðsnefnd Árnesinga kjörtímabilið 2026-2030.

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Árnesinga:

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðal- og aukaaðalfundi Brunavarna Árnessýslu bs.

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðal- og aukaaðalfundi Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðal- og aukaaðalfundi Héraðsskjalasafns Árnesinga bs.

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðal- og aukaaðalfundi Byggðasafns Árnesinga bs.

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðal- og aukaaðalfundi Listasafns Árnesinga bs.

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Rakel Ósk Kristófersdóttir

16. Breyting á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs. til síðari umræðu.

Lagðar fram til síðari umræðu breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Handwritten signatures: DAS, RLK, BL, RLØ

17. Breytingar á rekstri landsbyggðarvagna.

Til umræðu eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri landsbyggðarvagna. Málið var áður á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 18. júní s.l. en þá var sveitarstjóra falið að leita frekari upplýsinga um fyrirhugaðar breytingar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir umræðum á fundi sem haldinn var 23. júní s.l. með sveitarfélögum á svæðinu og fulltrúum Vegagerðarinnar þar sem aðilar áttu hreinskiptnar umræður um þær tillögur sem komið hafa fram um niðurskurð á þjónustu Strætó á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að að ekki skuli hafa verið haft samráð við sveitarfélög á svæðinu vegna fyrirhugaðra breytinga á leiðakerfi Strætó í Uppsveitum Árnessýslu. Sveitarstjórn hefði haldið að í ljósi fjölgunar íbúa á svæðinu, mikils fjölda ferðamanna og þeirrar staðreyndar að hér er einnig um skólaakstur í Fsu að ræða að mikilvægt sé að halda óbreyttri akstursáætlun og að óskynsamlegt sé að skerða þjónustu sem þegar er afar lítil.

18. Kauptilboð – Smiðjustígur 17a

Fyrir fundinum liggur kauptilboð í Smiðjustíg 17a.

Sveitarstjórn samþykkir kauptilboðið samhljóða og felur sveitarstjóra að ganga frá sölu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn af fresta sölu á Smiðjustíg 17b um eitt ár og að íbúðin verði leigð út til fagmenntaðs starfsmanns leikskólans.

19. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 9. júlí kl. 8:00. Oddviti mun meta hvort nauðsynlegt sé að halda þann fund og fella hann niður ef ekkert mál er svo brýnt að það þarfnist afgreiðslu þá þegar. Ef þessi fundur fellur niður verður næsti fundur haldinn þann 6. ágúst n.k.

Mál til kynningar:

20. Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:58.


Bjartney Vignisdóttir
Rakel Ösk Kristófersdóttir
Dati Geir Samuelsson
Ragnar L. Jónsson
Alvís Flaptéinn